

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	2.5.2016	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Friðgeir Björnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurbjörg Jónsd. / Gísli Bragas.	<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Nýtt starfsleyfi var gefið út þann 16. desember sl. fyrir framleiðslu upp að 350.000 tonnum af áli á ársgrundvelli. Unnið er að uppfærslu áætlana vegna rekstrarstöðvunar, áhættumats og viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og stranda og umhverfisóhappa, mæliáætlun og vöktunaráætlun. Drög að umhverfisvöktunaráætlun var send í tölvupósti 2.maí og er til skoðunar hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærslu á öðrum framangreindum áætlunum til yfirferðar hjá stofnuninni.

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá starfsleyfi en athugasemd gerð við að mælingar hafi ekki verið gerðar hingað til í ryksafnara frá deigluverkstæði.

Minnt er á ný ákvæði og þrengri losunarmörk í nýju starfsleyfi sem rekstraraðili skal starfa eftir.

### UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð í efnisvinnslu, kerskála og skautsmiðju. Áhersla var lögð á ryksöfnun og afsog á þessum stöðum. Í skautsmiðju voru gerðar breytingar á tengingum afsogs þar sem að afsog frá hreinsun raflausnar af skautbrotum er nú tengd inn á tvö hreinsivirki. Afsog og hreinsivirki eru í fullri virkni en unnið er að því að stilla þau betur saman. Einnig var komið við á deigluverkstæði og litið á afsogsvirki frá þeirri vinnslu. Einnig var gengið í gegnum kerskála og afsog frá kerjum skoðað. Snyrtilegt var um að lítast og ekki tilefni til athugasemda í skoðunarferðinni.

Að lokinni skoðunarferð var eftirlitsfundur þar sem að farið var yfir áætlanir sem rekstraraðila ber að uppfæra og skila vegna nýs starfsleyfis. Farið var yfir drög að áætlun vegna rekstrarstöðvunar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda, ábyrgðartryggingu, áætlun um stöðuvn löndunar við t.t. aðstæður til að halda rykmyndun í lágmarki og mæliáætlun. Rekstraraðili mun senda uppfærðar áætlanir til yfirferðar til Umhverfisstofnunar.

Þá var rætt um stöðu framkvæmda við afsog á kerlinu 1 þar sem að fyrirhugað er að koma á tvöföldu afsogi á kerin til samræmis við kerlinu 2. Til þess þarf að leggja nýjar lagnir frá hverju og einu kerri. Framkvæmdin er á undirbúningsstigi og gert ráð fyrir að þær hefjist í byrjun árs 2017 og þeim verði lokið árið 2018. Umhverfisstofnun óskar eftir greinagerð þar sem lagt er mat á tímabundna aukningu á losun á meðan á framkvæmdum stendur og tímaáætlun um framkvæmdina og að hún berist stofnunin áður en framkvæmdir hefjast.

Rætt var um rekstur reykhreinsivirkjanna og pokaskipti. Skipt var um poka í virki 1 í janúar til maí 2015, virki 4 mars til apríl 2014, virki 3 október til nóvember 2013 og virki 2 október 2012 - maí 2013. Einnig var rætt um kvarðanir og eftirlitsprófanir á búnaði. Þýskir aðilar (ANECO) uppfæra reglulega kvörðunarstuðla sem notaðir eru í iðntölvur Norðuráls og haldið utanum í gæðastýringarkerfi að slík endurskoðun sé gerð á amk þriggja ára fresti. Reglulega eru einnig þjónustuheimsóknir framleiðenda mælibúnaðarins þar sem að búnaðurinn er tekinn út.

Rætt var um að mælingar á olíu og fitu í frárennsli og þrýstiprófanir olíulagna. Minnt var á að frárennsli frá verkstæðum þarf að leiða í gegnum olíuskilju, Einnig var minnt á að þrýstiprófa skuli olíulagnir á 5 ára fresti skv. reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

### ATHUGASEMDIR

Skv. mæliáætlun á að gera mælingar á útblæstri frá ryksafnara frá deigluverkstæði á 4 ára fresti en hingað til hafa ekki verið gerðar mælingar í útblæstri frá þessum ryksafnara.

18.05.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir